

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

JÚNÍ 2020



6. tbl. 23. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Haga
vagninn
- Hofsvallagata 52 -



Risabygging við gömlu höfnina

Yrki arkitekta hafa unnið hugmyndavinnu fyrir Geirsgötu 11 ehf. Samkvæmt þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram í fyrirspurn til Reykjavíkurborgar er ekki um neina smáframkvæmd að ræða. Áætlun þeirra gerir ráð fyrir að reisa 33.500 fermetra húsnæði með bílakjallara. Búið er að senda fyrirspurn til Reykjavíkurborgar um hugmyndirnar en málið er enn á frumstigi. Verði af þessum framkvæmdum mun það breyta ásýnd gömlu hafnarinnar verulega. Nánar á bls. 2.

TRÍÓ
PIZZUR MÁNADARINS
DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

S
Systrasamlagið
Netverslun: systrasamlagid.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. - fös. kl. 8-16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Apótekið þitt í hverfinu þínu Héðinshúsinu Seljavegi 2

FAGLEG RÁDGIÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR APÓTEK
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 - SKEIFUNNI 11

Góð þjónusta - Lággt verð



Tilboð
Bláber & Jarðarber

Melabúðin



Sími 551-0224
melabudin.is

Sælkeraverslunin þín! Grillkjötborðið bíður þín...



Glænýr villtur lax
Framboð háð veiði



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Hugmynd um risaframkvæmdir á hafnarsvæðinu



Hugmynd Yrki arkitekta um hugsanlegt útlit bygginga á Miðbakknum.

Hvað kemur til baka

Þessi spurning brennur á borgarþúum og landsmönnum nú um stundir. Eftir að loka þurfti og stöðva atvinnu- og efnahagslíf landsins um nokkurra vikna skeið vegna drepstóttarfaraldurs sem gengið hefur yfir heimsbyggðina er hið daglega líf að vakna að nýju.

Óvissa ríkir þó enn um framvinduna. Íslendingar náðu að bregðast við þessum ótíðindum með samstöðu. Heilbrigðisvísindi og landsstjórn náðu að vinna saman að aðgerðum sem hafa orðið til þess að heilsufarslegar afleiðingar hafa orðið mun minni en hefðu geta orðið.

Þar með er ekki öll sagan sögð. Misjafnlega hefur gengið í mörgum löndum að fást við þennan óvænta og bráða vanda. Víða hefur verið unnið með svipuðu hætti og hér. Annars staðar hafa stjórnvöld og þjóðarleiðtogar kosið að horfa framhjá heilsufarslegri vát og sett hagsmuni viðskipta- og efnahagslífs í fyrirrúm.

S töðvun atvinnulífsins hefur haft margvísleg áhrif. Hvernig tekst að koma starfsemi af stað að nýju. Stærstu spurningar eru um framtíð ferðaþjónustunnar. Lokun lands og þjóðar stöðvaði þessa atvinnugrein nánast á einum sólarhring.

Hvað gerist í umheiminum á næstunni getur haft mikil áhrif hér á landi. Ljóst má vera að áhugi á Íslandsferðum er til staðar þegar landamæri og samskiptaleiðir opnast. Ferðamenn koma þó ekki með sama hraði og þeir hurfu á liðnum vetri. Ferðamarkaðurinn þarf lengri tíma til að jafnan sig.

Ferðaþjónustan kom hingað af krafti eftir eldgos í Eyjafjallajökli 14. apríl til 23. maí árið 2010. Mikill áhugi vaknaði á Íslandi og fólk tók að streyma til landsins víða að.

Íslendingar voru ekki búnir undir svo magnaða fjölgun ferðamanna á skömmum tíma. Ferðaþjónustan varð eins og síldarævintýrin forðum. Flökkufiskurinn kom og fór.

Mörg fyrirtæki sem uxu á ýmsan hátt í kringum þetta ævintýri voru því alls ekki viðbúin að ferðamaðurinn hyrfi. Sum hafa þraukað. Öðrum er hætt. Enginn getur sagt fyrir af vissu hvernig ferðaþjónusta mun koma til baka. Verður hún með sambærilegum hætti eða koma ferðamenn með önnur sjónarmið og þarfir. Tíminn einn getur leitt það í ljós.

Félagið Geirsgata 11 ehf. hefur sent fyrirspurn til Reykjavíkurborgar um mögulega uppbyggingu á þremur samliggjandi lóðum sem eru á hafnarbakknum norðan við Geirsgötu. Um er að ræða lóðirnar númer 11, 13 og 15 við götuna. Eina húsið á þessu svæði er gömul vöruskemman sem byggð var fyrir Ríkisskip á sínum tíma en Ríkisskip seldu Fiskkaupum húsið 1993. Vöruskemman komst síðar í eigu Útgerðarfélag Reykjavíkur og Fiskitanga en var selt til Berjaya Land Berhad, sem dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation og er á forræði malasíska auðmannsins Vincent Tan fyrir 1.670 milljónir króna fyrir nokkru.

Yrki arkitektar hafa unnið hugmyndavinnu fyrir Geirsgötu 11 ehf. Samkvæmt þeim hugmyndum sem settar hafa verið fram í fyrirspurn til Reykjavíkurborgar er ekki um neina smáframkvæmd að ræða. Áætlun þeirra gerir ráð fyrir að reisa 33.500 fermetra húsnæði með bílakjallara. Með þessum hugmyndum er stefnt að því að búa til fjölnota rými bæði innan- og utandyra og þar sem almenningsrými, sýningarsvæði, móttaka alþjóðlegra farþegaskipa, verslanir, veitingastaðir, kaffihús, fimm stjörnu hótél og íbúðir verði

til. Einnig er ætlunin að tengja borgina betur við bryggjussvæðið og gæða hafnarbakkann lífi auk þess að byggja hafnarsvæðið upp sem eina heild frá Hörpu vestur undir Granda. Í byggingunni er áætlað rými fyrir um 100 fimm stjörnu hótélíbúðir sem seldar verði einkaaðilum og einnig fimm stjörnu hóteli með um 150 herbergjum. Báðar þessar einingar yrðu reknar af Four Seasons. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir tollmóttöku og biðsal vegna þjónustu við skemmtiferðaskip sem rekið yrði af Faxaflóahöfnum. Þá má geta þess að gert er ráð fyrir yfirbyggðu rými fyrir grænt svæði sem einnig gæti hýst skúltúrsafn Listasafns Reykjavíkur. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en í fyrirspurninni kemur fram að um sé að ræða fyrstu drög. Hugmyndin sé að þróa tillöguna áfram í samstarfi við skipulagssvið Reykjavíkurborgar, skipulagssvið Faxaflóahafna og aðra hagsmunaaðila sem munu koma að hugmyndinni til framtíðar. Ljóst að hér er á ferðinni hugmynd um risaframkvæmd á hafnarsvæðinu. Framkvæmd upp á um 40 milljarða króna sem geti skapað allt að 400 störf.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

 **FYRIRTAK**
málningarþjónusta

**TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA**

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

**LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI**

 LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



2020

FORSETAKOSNINGAR

Nýr kjörstaður - Vesturbæjarskóli – Reykjavíkurborgkjördæmi norður

Við komandi forsetakosningarnar verður nýr kjörstaður sem þjónar hluta Gamla Vesturbæjar.

Kjörhverfi Vesturbæjarskóla miðast nú við allar götur norðan Miklubrautar og vestan við Hofsvallagötu og Ægisdötu.

Kjósendur sem hingað til hafa kosið í Ráðhúsi Reykjavíkur og eru ekki í hinu nýja kjörhverfi kjósa áfram þar.

Í Reykjavík er hægt að fletta upp sínum kjörstað og kjördeild eftir heimilisfangi á vef borgarinnar: reykjavik.is/kosningar

Á kjördag verður einnig hægt að hringa í upplýsingaver Reykjavíkurborgar í síma **411-4915**

PRESIDENTIAL ELECTION 2020

New polling station – Vesturbæjarskóli – Reykjavík North constituency

In the forthcoming presidential election, a new polling station will serve residents of part of old Vesturbær.

The Vesturbæjarskóli polling district now consists of all streets north of Hringbraut and west of Hofsvallagata and Ægisdötu.

Voters that have previously voted in Reykjavík City hall and are not in the new polling district will continue to do so.

Residents in Reykjavík can look up their polling station on the Reykjavík Citywebsite: reykjavik.is/kosningar

On election day, it will also be possible to call Reykjavík City help desk on **411-4915**

WYBORY PREZYDENCKIE 2020

Nowy lokal wyborczy – Vesturbæjarskóli – okręg wyborczy Reykjavík północ


W nadchodzących wyborach prezydenckich ustanowiony zostanie nowy lokal wyborczy dla mieszkańców dzielnicy Gamli Vesturbæjar.

Obwód głosowania Vesturbæjarskóli obejmuje od teraz wszystkie ulice na północ od Miklubraut i na zachód od Hofsvallagata i Ægisdötu.

Wyborcy, którzy dotychczas głosowali w Ratuszu miasta Reykjavík i nie mieszkają na terenie nowego obwodu, w dalszym ciągu tam oddają głos.

Mieszkańcy Reykjavíku mogą sprawdzić, w którym lokalu i w której komisji wyborczej mają głosować, wpisując adres zamieszkania na stronie internetowej miasta: reykjavik.is/kosningar

W dzień wyborów możliwy będzie również kontakt telefoniczny z centrum informacyjnym miasta Reykjavík pod numerem telefonu **411-4915**



Reykjavíkurborg

Fór að hugsa um stjórnsmál á leikvellingum

- segir Pavel Bartoszek forseti borgarstjórnar Reykjavíkur

Pavel Bartoszek forseti borgarstjórnar Reykjavíkur er fæddur í Poznan í Póllandi. Hann fluttist ásamt foreldrum sínum Stanislaw Jan Bartoszek og Emilii Mlynska til Reykjavíkur 1988 átta ára að aldri. Þau settust að í Vesturbænum þar sem Pavel gekk hinn hefðbundna skólaveg. Hann hóf nám í Melaskóla. Þaðan lá leiðin í Hagaskóla. Þá Menntaskólann í Reykjavík og síðan Háskóla Íslands þar sem hann hóf nám í stærðfræði sem hann lauk síðar í Danmörku. Pavel fékk snemma áhuga á stjórnsmálum sem hann telur að eigi rætur í pólsku ætterni sínu. Hann starfaði í fyrstu með Sjálfstæðisflokknum og sat meðal annars í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna á árunum 2007 til 2009. Síðar gekk hann til liðs við Viðreisn. Hann átti sæti á Alþingi 2016 til 2017 og hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir þann flokk frá síðustu borgarstjórnarkosningum. Pavel spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

“Ég var á níunda árinu þegar fjölskyldan flutti til Íslands. Ég kunnir ekki orð í íslensku þegar ég kom í Melaskólann en kennarinn minn sagðist ekki hafa áhyggjur af því. Hún væri með pólskt barn í bekknum og það gengi vel. Ég var nokkuð fljótur að ná tungumálinu. Ég hafði gaman af að tefla og varð nokkuð góður í skák. Skákin var vinsæl í skólanum og í gegnum hana náði ég góðum samskiptum við skólasystkini mín. Í skákinni vorum við á jafnræðisgrundvelli. Pabbi hjálpaði mér líka. Ég skrifaði síðan pólsk-íslenska orðabók með pabba. Við notuðum þýsku svölitið sem millimál á milli pólsku og íslensku. Þótt pólska og þýska séu ekki beint skyld tungumál þá eru ákveðin líking með þeim. Til eru góðar pólskar þýðingar á þýskum hugtökum og þýsk orð hafa slæðist inn í pólsku. Ég fann að þetta er ekki eins auðvelt með ensku. Hún er mun lengra frá því að geta talist millimál á milli þessara tveggja meginlandsmála. Skólaganga mín var mjög hefðbundin. Ég fór áfram í Hagaskóla og MR og síðan í Háskóla Íslands. Ég ætlaði mér upphaflega að læra sagnfræði því ég hef áhuga á sögu en af einhverjum ástæðum

hófst kennslan í stærðfræðinni fyrr og ég ákvað að slá til. Ég sé ekki eftir því vegna þess að stærðfræði hefur alltaf legið vel fyrir mér. Ég veit ekki hvort mér hefði reitt eins vel af í sagnfræði en það getur þó vel verið. Ég kom með góðan grunn í stærðfræði úr menntaskóla, hafði tekið þátt í stærðfræðikeppni og þarna var því um beint framhald að ræða.”

Danmerkurdvölin hafði áhrif á mig

Pavel tók hluta af náminu í Danmörku og bjó þar árunum 2004 til 2006. Hafði Danmerkurdvölin áhrif á hann. “Já hún gerði það að vissu leyti. Í Danmörku sá maður aðra borgarmynd. Kynntist öðrum hugsunarhætti og venjum. Þarna var önnur borgarpólitík sem kom meðal annars fram í góðum almenningssamgöngum og mun barnvænna umhverfi en hér. Ég hef stundum hugsað um tengsl Danmerkur og Íslands. Ég hef horft á þætti þar sem Egill Helgason hefur gengið um götur Kaupmannahafnar og rífað upp fyrri tíð og samskipti landanna. Svo rofnuðu tengslin nokkuð með heimsstyrjöldinni síðari og að Íslands stofnaði lýðveldi 1944. Engu að síður hafa borgir á Norðurlöndunum haft mikil áhrif á Íslendinga. Hvort sem um er að ræða arkitektúr og byggingalist eða menningarleg viðhorf.” En hvernig gekk þér með pólsku sem móðurmál og síðan íslensku sem annað mál að læra dönsku. “Það gekk ágætlega. Það skemmtilegasta við að læra dönsku er að læra hana þegar þegar maður er ekki neyddur til þess eins og skólakrakkur hér á landi eru neydd til að gera. Þá kemst maður að því að danska er ekki flókið tungumál. Ekki í samanburði við Íslensku. Ég komst nokkuð vel inn í dönskuna á þessu tveimur árum. Ég hef geta notað mér það í norrænu samstarfi.”

Fórum að hugsa um stjórnsmál á leikvellingum

Pavel fékk snemma áhuga á stjórnsmálum. “Ég held að ég hafi verið farinn að hugsa um þau sem barn. Krakkar sem alast upp í kommúnistaríki eins og Póllandi var þegar ég var barn fá pólitískara



Pavel Bartoszek forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.

Krakkar sem alast upp í kommúnistaríki eins og Póllandi var þegar ég var barn fá pólitískara uppeldi en í lýðræðissamfélögum. Við krakkarnir vorum farin að velta pólitík fyrir okkur strax á leikvellingum.

uppeldi en í lýðræðissamfélögum. Við krakkarnir vorum farin að velta pólitík fyrir okkur strax á leikvellingum. Ég man eftir kosningum í Póllandi þann 4. júní 1989. Það voru fyrstu frjálsu kosningarnar frá stríðslokum.

Þær voru jafnframt þær fyrstu í þessum heimshluta frá því að jarntjaldið skall á. Í kosningunum vann stjórnarandstaðan sigur og í kjölfarið tóku nýir valdhafar við stjórnartaumunum, hentu út alþýðuforskeytinu úr nafni

landsins og komu á lýðræðis- og markaðsumbótum. Ég man líka þegar Lech Walesa náði að mynda fyrstu ríkisstjórn í Póllandi án þátttöku kommúnista og var síðar kjörinn forseti.”

Líf í löndum Evrópu er samofið

“Með árunum tileinkaði ég mér ákveðið frjálslyndi,” heldur Pavel áfram. Var frjálslyndur hægri maður. Ég skrifaði mig í Sjálfstæðisflokkinn sem ég taldi mig eiga samleið með en síðar kom annar flokkur til sögunnar sem mér fannst henta betur fyrir mína hugsun. Ég er alþjóðlega þenkjandi og Evrópusinni og mér fannst stefna Viðreisnar falla vel að mínum sjónarmiðum.” Stjórnsmál í Póllandi ber á góma og spurning vaknar hvort kaþólska kirkjan eigi ef til vill nokkurn þátt í stefnu núverandi stjórnvalda til dæmis í garð samkynhneigðar. Hann segir kirkjuna hafa verið sterkustu stofnunina sem barðist fyrir frelsi. Fólk sem aðhylltist ekki stjórnarhætti austursins hafi átt athvarf í kirkjunni sem kommúnískum stjórnvöldum hafi aldrei tekist að knésetja. “Fólk var hlynt kirkjunni. Það þurfti ekki að vera af trúarlegum rótum. Heldur alveg eins pólitískum. Já ég held að sumt af því sem er að gerast í pólskum stjórnsmálum eigi sér rætur í kaþólsku kirkjunni. Ég neita því ekki að áhrif hennar ættu að vera minni. Pólverjar hafa líka tekist á við Þjóðverja og þarf ekki annað en að minnast síðari heimstyrjandarinnar þegar Þjóðverjar slátruðu fjölda Pólverja. Sem betur fer hafa samskipti landanna verið góð á síðari árum. Nú í faraldrinum sem kenndur er við kórónaveiruna hefur komið berlega í ljós hversu mikilvægt er að landamæri ríkja séu opin og viðskiptalíf búi ekki við þvinganir. Líf fólks í löndum Evrópu er samofið. Pólverjar fundu fyrir því þegar öllum landamærum var lokað. Margir Pólverjar vinna í Þýskalandi. Fara jafnvel daglega á milli og komust enn daginn ekki til vinnu. Sem betur fer er búið að opna fyrir ferðir fólk sem þarf að sækja vinnu yfir landamæri Póllands og Þýskalands.”

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRETTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Fyrst í Sjálfstæðisflokknum

En aftur að stjórnáttum á Íslandi. Ég varð fyrst virkur á árinu 2007 þegar ég settist í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna. Ég var líka á lista fyrir Sjálfstæðisflokkinn fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2011. Ég byrjaði að skrifa pistla í Fréttablaðið um 2010 en hef einnig skrifað nokkuð á vefþímaritið Deigluna. Ég gaf síðan kost á mér í Alþingiskosningunum 2016 og varð þingmaður fyrir Viðreisn í Reykjavíkurborg. Þingsetan var þó ekki löng því eins og menn rekur minni til sprakk sú ríkisstjórn sem mynduð var um ári síðar. Þá var aftur efnt til kosninga og ég datt út af þingi.

Í borgarstjórn 2018

Svo taka borgarmálin við. “Ég kom inn í borgarstjórn á vegum Viðreisnar við síðustu borgarstjórnarkosningar 2018. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á borgarmálum. Ég hef áhuga á mannvænni byggð og fjölbreyttum ferðamáta. Ég sóttist eftir öðru sæti á listanum og við fórum í gegnum mjög góða en nokkuð sérkennilega kosningabaráttu. Við náðum því að verða þriðji stærsti borgarstjórnarflokkurinn en það voru 16 listar í framboði. Svo hófust viðræður um meirihluta og þær leiddu til þeirrar niðurstöðu sem var. Samstarf okkar Þórdísar Lóu hefur verið mjög gott. Við eigum vel saman í þessu og erum ef til vill ekki með svo ólíkan bakgrunn. Hún er eldri en ég og er með ýmsa reynslu að baki. Hún hefur búið erlendis og einnig tekið þátt í atvinnulífnum.”

Vatnsmýrin er verðmætasta byggingarlandið

Nú brenna nokkur mál á Vesturbænum. Sum eru meira umdeild en önnur. Málefni Reykjavíkurlugvallar ber fyrst á góma. “Það er óumdeilanlegt að

Pavel segir ýmislegt hægt að gera á KR svæðinu. Þegar sé búið að gera ráð fyrir hálfu knatthúsi og öðrum mannvirkjum ásamt íbúðabyggingum. “Þessar hugmyndir eru á plani en eru bundnar peningum. Þetta snýst um peninga. Reykjavíkurborg hefur unnið að mikilli uppbyggingu á Fylkissvæðinu við Úlfarsá og einnig á athafnasvæði ÍR í Breiðholti. Framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja hlaupa á tugum milljarða.

flugvöllurinn á að víkja þegar litið er til lengri tíma. Þegar er búið að loka einni flugbraut af þremur og búið að byggja nýtt hverfi við annan enda hennar og nú er að hefjast bygging annars hverfis Skerjafjarðarmegin. Við vitum að málið er umdeilt en samstarf við ríkið hefur verið nokkuð gott. Sumir vilja völlinn burt strax en aðrir mega ekki heyrja minnst að neinni girðingu sé þokað til. Stefna borgarinnar hefur verið skýr. Vatnsmýrin er verðmætasta byggingarland Reykjavíkurborgar og þá kemur upp sú spurning hvort eigi að byggja Reykjavík stöðugt til austurs. Dreifa byggðinni endalaust með tilheyrandi umferðarvanda og mannvirkjagerð til þess að fólk komist inn í atvinnukjarnann. Hugmyndin um flugvöll í Hvassahrauni er á dagskrá og ég hef ekki trú á að það tímabundna ástand sem nú ríkir í flugmálum af sóttvarnarástæðum komi til með að breyta framtíðaráætlunum um flugmál. Gert er ráð fyrir miklum framkvæmdum til framtíðar á Keflavíkurlugvelli en mörgum hefur fundist ótækt að flytja innanlandsflugið þangað. Býst við að það stafi ekki sist af því að framkvæmdum við Reykjanesbraut

er enn ekki lokið og umferð í gegnum Hafnarfjörð getur verið tafsöm. Þekkt er að flugvellir hafa hjálpað borgum að vaxa og dafna en svo kemur að því að þeir verða að víkja fyrir vaxandi byggð. Nauðsynlegt verður að færa þá út fyrir vaxandi borgir eins og til dæmis var gert í Noregi þegar Fornebu flugvöllur í Osló var lagður niður, flugstarfsemin færð á Gardemoen og byggt á Forenbusvæðinu. Ég þekki aðeins til innanlandsflugsins. Ég kenndi við Háskólann á Akureyri um tíma og flaug þá á milli aðra hverja viku.”

Flugið er partur af lífsgæðum

Pavel minnst á þann mikla vöxt sem verið hefur í flugsamgöngum hingað til lands á undanförunum árum. “Ég spái því að flugið verði fljótt að ná sér á strik þegar áhrifa kórónaveirufaraldurinn hættir að gæta. Í þessu máli er allur heimurinn undir. Þetta snýst ekki aðeins um okkur hér. Að þessu leyti er sú kreppa sem faraldurinn hefur valdið annars eðlis en til dæmis bankakreppan. Þar vorum við talsvert ein út í horni með okkar vanda. Fólk finnst gott að

búa í borg þar sem auðvelt er að komast til annarra borga. Ég held að það breytist ekki neitt. Það sama á við okkur og aðra en við erum eðlilega háð flugsamgöngum vegna legu landsins.” En hvað með aðrar gáttir inn í landið. “Ég held að Egilsstaðaflugvöllur eigi vaxtarmöguleika. Akureyrarflugvöllur líka þótt erfiðara sé með lendingarskilyrði þar einkum að vetrinum. Ég held að opna þurfi fleiri virka gáttir inn í landið en bara Keflavíkurlugvöll. Í Póllandi var tekinn upp einkarekstur á flugvöllum. Þeir fóru að keppa hver við annan, sem hefur reynst af því góða. Flugið er partur af lífsgæðum.”

Ekki endanleg ákvörðun um KR svæðið

Nú þrengir stöðugt að KR. KR-ingar telja sig vanta betri aðstöðu. Að undanförunu hefur verið unnið að því að hanna framkvæmdir á athafnasvæði þeirra í Vesturbænum. Er eitthvað að fréttu af þeim málum. Pavel segir ýmislegt hægt að gera á KR svæðinu. Þegar sé búið að gera ráð fyrir hálfu knatthúsi og öðrum mannvirkjum ásamt íbúðabyggingum. “Þessar hugmyndir eru á plani en eru bundnar peningum. Þetta snýst um peninga. Reykjavíkurborg hefur unnið að mikilli uppbyggingu á Fylkissvæðinu við Úlfarsá og einnig á athafnasvæði ÍR í Breiðholti. Framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja hlaupa á tugum milljarða. Út frá borgarskipulagi er hugmyndin sem unnin hefur verið fyrir KR svæðið frekar heillandi. Plássið er takmarkað á þessum stað og þétting byggðarinnar á svæðinu er skynsamleg nálgun. Við búum við fjárfestingaráætlanir til fimm ára í senn. Nú stendur yfir vinna við að forgangsraða framkvæmdum við íþróttamannvirki. Þessari vinnu er ekki lokið og því ekki hægt að

segja til um hver röðin verður.” Ertu að segja að ekki verði hafist handa hjá KR á næsta ári. “Ég er að segja að um álitlegan kost er að ræða en endanlegar ákvarðanir um fjárframlög hafa ekki verið teknar.”

Parf að vera hægt að breyta gistihúsnæði í íbúðir og aftur til baka

Nú hafa borist fregnir af að erlendum aðili vilji hefja stórframkvæmdir á Miðbakkanum við gömlu höfnina þar sem gert er ráð fyrir að reisa 33.500 fermetra húsnæði með bílakjallara sem taka mun yfir lóðirnar númer 11, 13 og 15 við götuna. Hvernig leggjast þessar hugmyndir í borgaryfirvöld. “Þessar hugmyndir eru nýkomnar til borgarinnar og ekki enn tímabært að segja af eða á um þær. Ef við ætlum að byggja Ísland áfram upp sem ferðamannaland getur verið skynsamlegt að byggja hótél og hótélíbúðir. Slíkar byggingar þurfa þó að bera í sér þann möguleika að breyta megi þeim í íbúðir ef komur ferðamanna duga ekki til að fullnýta þær. Ég hef verið talsmaður þess að við eigum að vera sveigjanlegri að leyfa fólk að breyta gistiheimilum yfir í íbúðir og jafnvel aftur til baka ef skapast þörf fyrir meira gistirými. Nú er ferðamennskan í algeru frosti út af sýkingarhættu vegna covid en við verðum að vona að innan tíðar losni um og fólk getir farið að fara á milli landa að nýju. Ég hygg að fólk geti verið hikandi að breyta gistirýmum í íbúðir af ótta við að geta ekki breytt þeim til baka ef þörf skapast. En við verðum líka að gæta þess að einhver borgarhverfi verði ekki algerlega byggð hótélum og gistiheimilum sem við getum svo ekki breytt til baka. Það verður að blanda þessu saman.”

Kjötkompaní

GRILLUM GRAND

Í ALLT SUMMAR

Hafnarfirði & Grand

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📺 kjotkompani

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðborgar

Ingi Garðar ráðinn stjórnandi

Ingi Garðar Erlendsson hefur verið ráðinn stjórnandi Skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðborgar.

Ingi Garðar er sinni skólahljóm-sveit vel kunnugur en hann hefur kennt við sveitina og leyst af sem stjórnandi hennar síðastliðið ár. Ingi Garðar er básúnuleikari og tónlistarkennari með BA próf og MA próf í tónsmíðum og diplóma í hljóðfræði. Hann er tónskáld og hefur m.a. unnið útsetningar fyrir hljómsveitir.

Ingi Garðar Erlendsson
básúnuleikari og hljómsveitarstjóri.



Um 1200 íbúða ný byggð í Skerjafirði



Útlitsmynd af hinu nýja hverfi. Í miðju þess er gert ráð fyrir bílastæðahúsi fyrir íbúa hverfisins en engin bílastæði verða við íbúðar.

Gert er ráð fyrir 1200 íbúða byggð í Nýja-Skerjafirði, nýjum skóla, verslun og þjónustu. Borgarráð samþykkti nýtt rammaskipulag Skerjafirðar á fundi sínum nýverið. Skipulagið tekur til landsvæðis við enda flugbrautar 06/24 sem hefur verið lokað, en flugbrautin hefur ýmist verið kölluð Neyðarbrautin eða Litla flugbrautin.

Hugað verður að félagslegri blöndun á svæðinu og hafa stúdentar og Bjarg, byggingafélag verkalyðshreyfingarinnar, þegar fengið vilryði fyrir lóðum í hinn nýju byggð. Góð aðstaða verður fyrir ýmiss konar sportbáta og seglskútur á svæðinu

og er tiltekið að byggja eigi upp góða aðstöðu fyrir siglingaíþróttina á austurhluta strandarinnar. Í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborgar segir að öll strandlengjan á svæðinu sé sólrík og henti því vel til dvalar, útivistar, sjóbaða og siglinga. Þá segir að hugsað sé fyrir tengingu hverfisins við áframhaldandi uppbyggingu í Vatnsmýri þegar flugvöllurinn víki þaðan og eins er gert ráð fyrir tengingu almenningsamgangna við Kársnes í Kópavogi með byggingu brúar yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningsamgöngur.



Reykjavík

RÖST

Coffee house & bar

Við gömlu höfnina

reykjavikrost.is

Friðbert keypti hús kínverska sendiráðsins

Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu, hefur fest kaup á húsinu við Viðimel 29. Húsið var áður í eigu kínverska sendiráðsins og hafði staðið autt um tíma og legið undir skemmdum.

Húsið var byggt árið 1945 af Oddi Jóhannssyni, sem var jafnan kenndur við efnalaugina Glæsi. Arkitekt var Einar Sveinsson. Húsið var á árum áður nefnt kanslarahöllin. Eftir að kínverska sendiráðið flutti úr húsinu var eins og það hefði gleymst. Vesturbæingar gagnrýndu kínverska sendiráðið fyrir vanrækslu hússins og sögðu það orðið samkomustaður katta, rotta og veggjakrotara, auk þess sem garðurinn hafi ekki verið sleginn til marga ára. Nú er hafin vinna við endurbætur og viðhald á húsinu. Pétur Ármannsson arkitekt segir í viðtali við Morgunblaðið gleðilegt að húsið sé komið í góðar hendur.



Líf að færast í húsið við Viðimel.

OPNUNAR-
TÍMAR:

Virka daga
11.30-18.00

Laugardaga
10.00-16.00

Sunnudaga
Lokað

Opnunartímin hefur
breyst tímabundið!



Sjálfstætt
starfandi apótek
sem býður
persónulega
þjónustu og
hagstæð verð á
lyfjum og öðrum
heilsutengdum
vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46



APÓTEK

S: 414 4646



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.



lönaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Fjórar hæðir við Vesturgötu 67



Við Vesturgötu 67.

Samþykkt hefur verið að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ananausta vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu.

Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit um 20 cm til suðurs að garði, að heimilt verði að byggja fjórar hæðir í stað 2,5 hæðir, svalir megi ná 1,7 metra út fyrir byggingarreit að garði, götuhlið hússins skal taka tillit til aðliggjandi húsa eins og kostur er, lyftuhús má ná 0,8 metra upp fyrir hámarkskvóta veggghæðar, lóð er stækkuð að framanverðu og þar heimilt að setja bílastæði fyrir hreyfihamlaða, sorpgerði og gróður, byggingarmagn eykst og fjöldi íbúða verður 6 ásamt sameiginlegum rýmum á jarðhæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 1. júlí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Ekkert hundagerði við Vesturbæjarlaug

Fallið hefur verið frá breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar sem sneri að því að koma fyrir hundagerði á lóðinni og fækka bílastæðum. Skipulags- og samgönguráð ákvað á fundi sínum í vikunni að taka tillit til fjölda athugasemda og draga tillöguna til baka og vísa henni til borgarráðs.

Tillagan var dregin til baka og samþykkt að ráðast í heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins. Betur þurfi að samræma fjölbreytta nýtingu þess hvort sem um er að ræða staðsetningu grenndargáma, veitinga- aðstöðu, bíla- og hjólastæði, úti- vist eða aðra þætti. Á fjórða tug athugasemda bárust varðandi tillöguna. Anna Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar, segir að samkvæmt teikningum borgarinnar virðast vera mun fleiri bílastæði en raun ber vitni. Frekar ætti að bæta við stæðum og þá bráðvanti stæði



Við Vesturbæjarlaug.

fyrir skólarútur. Stæðaskortur hafi leitt til skemmda á gangstéttarköntum, árekstra og slyshættu. Þá segir forsvarsfólk íbúaráðs Vesturbæjar að sá galli sé á kosningafyrirkomulaginu í Mínu hverfi, þar sem íbúar geta komið hugmyndum sínum

á framfæri og kosið um þær, að íbúar geti ekki kosið á móti þeim tillögum sem þeir telja slæmar. Hugmynd um hundagerði við Vesturbæjarlaug kom þaðan en ráðið telur að ekki sé hægt að sjá hlutfallslegan stuðnings íbúa við verkefnið.

Biðstöð Strætó við Hótel Sögu opnuð að nýju

Biðstöð Strætó hjá Hótel Sögu við Hagatorg hefur verið opnuð að nýju. Biðstöðinni var lokað í nóvember síðastliðnum vegna óvissu um lögmæti hennar.

Lögreglan taldi að þar sem biðstöðin væri við skilgreint hringtorg væri samkvæmt umferðarlögum óheimilt að stöðva ökutæki við skýlið. Hótaði lögreglan að sekta vagnstjóra persónulega og einnig ökumenn annarra ökutækja sem þyrftu að stoppa fyrir aftan þá. Samkvæmt tilkynningu frá Strætó hefur Reykjavíkurborg nú fengið samþykki frá lögreglu fyrir opnun biðstöðvarinnar á nýjan leik.



Strætó má nú aftur stoppa við Hagatorg.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GALDRA FRAM VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR?



POTTAGALDRAR
Með þér í sumar





EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímabantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Örfirisey

Frá verslun til útvegs og aftur til verslunar

Fyrstu hugmyndir um tengsl verslunar við Örfirisey má rekja til daga einokunarverslunarinnar frá 1602 til 1787. Svonefndur Hólmskaupstaður var talinn ein helsta bækistöð einokunarverslunarinnar. Kaupsvæðið hennar náði yfir Seltjarnarnes, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarhálandið sunnan Hvítár. Skoðanir eru skiptar um hvar Hólmsverslun eða Hólmskaupstaður var. Hugmyndir hafa verið um að hún hafi fyrst verið í Grandahólma, sem er smáeyja vestur af Örfirisey sunnan Akureyjrar. Í óprentaðri ritgerð Péturs Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Landhelgisgæslunnar kemur fram að frá því um 1520 hefjist kaupskapur í Hólmi og standi þar fram undir 1715 þegar verslunarhúsin voru risin í Örfirisey. Efasemdir hafa þó verið um þetta vegna slæmra aðstæðna til skipakoma við hölmann.

Saga Örfiriseyjar er hvorki samfelld saga atvinnustarfsemi eða byggðar. Þann 9. janúar 1799 gekk ofsaveður yfir Suðvesturland svonefnt Bäsendaveður. Eyddist þá öll byggð í Örfirisey. Sú byggð sem reis þar að nýju var aðeins brot af þeirri fyrri og lagðist niður með öllu 1861. Eftir að eyjan fór í eyði voru slægjur nýttar og hagabeit var þar fyrir hross.

Lifrabræðslan og Bretinn

Reykjavíkurbær festi kaup á eyjunni árið 1906 vegna hafnargerðarinnar sem þá var í undirbúningi. Örfirisey hafði verið lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1835 og við stofnun Reykjavíkurkaupstaðar var mælt fyrir um að eyjan skyldi afhent Reykjavík til eignar. Bent var á að hún væri kaupstaðnum nauðsynleg. Þar væri hentugt land til fiskverkunar. Hún lægi vel við vöruflutningum og síðast en ekki síst væri hún hentug til að reisa þar virki kaupstaðnum til varnar. Þessi ráðstöfun var formlega afturkölluð 1791 og því varð bærinn að festa kaup á henni. Seint á 19. öld setti Geir Zoega á fót lýsisbræðslu í Örfirisey sem varð umdeild vegna bræluþykktar sem Zoega kallaði peningalykt. Hafnargerðin hófst 1913. Þá var lagður grjóttgarður eftir Grandanum út í eyjuna. Þótt garðurinn væri aðeins um 2,5 metrar á breidd auðveldaði hann ferðir þangað. Með því má segja að Örfirisey væri orðin landföst. Breska setuliðið lagði Örfirisey undir sig í byrjun heimsstyrjaldarinnar 1939 til 1945. Girti eyjuna af og skyldi eftir sig ýmsar stríðsmynjar sem þóttu lítil augnayndi. Eftir brotthvarf herliðsins var nokkuð deilt um hvernig nýta mætti eyjuna. Hugmyndir voru uppi um atvinnulíf en einnig útivist og skemmtun.

Dýrasýning sjómannaþingsráðs

Fulltrúaráð sjómannaþingsins ákvað að standa fyrir dýrasýningu í Örfirisey sumarið 1947. Dýrasýningin var haldin í tengslum við tíunda sjómannaþinginn og átti allur ágóði af henni að renna til byggingar dválarheimilis aldraðra sjómanna. Sjómannaþingsráðið fékk Örfirisey til fullra umráða yfir sumarið og réðist í ýmsar framkvæmdir til að koma upp sýningunni. Eyjan var afgirt tímabundið og þar voru smíðuð búr fyrir apa og steyp tón fyrir seli, sæljón og ísbirni. Sýningin stóð í þrjú mánuði og þegar henni lauk í lok sumars 1947 höfðu um 40 þúsund sýningargestir heimsótt hana. Annað átti þó eftir að liggja fyrir Örfirisey en að verða útivistarparadís og skemmtigarður.

Nýsköpunarstjórn og höfuðvígi

Á stríðsárunum gekkst hafnarstjórn fyrir því að byrjað var að breikka garðinn út í eyna í tæpa 36 metra þannig að hægt yrði að aka eftir honum. Innan Grandagarðsins var þá einnig byrjað að gera bryggjur. Hugmynd að framtíðarskipulagi Vesturhafnarinnar 1945 var sú að allar framkvæmdir og fyrirætlunir um uppbyggingu héldust í hendur við útgerðarinnar. Á þessum tíma var tekin við völdum ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalistaflokks – hin svokallaða nýsköpunarstjórn, sem stóð meðal annars fyrir því að togarafloti landsins var endurnýjaður, tugir nýrra vélbáta voru keyptir eða smíðaðir og uppbygging síldar- og fiskiðnaðar var hafin.

Björgunarstöð slysavarnafélagsins

Árið 1945 var ákveðið að Slysavarnafélag Íslands fengi að reisa nýja björgunarstöð í Örfirisey og keypti félagið skála af Sölnefnd setuliðsviðskipta síðar varnarliðseigna. Skálinn stóð á austur-enda eyjunnar. Björgunarstöðin var tekin í notkun 11. maí 1946 og var hin stærsta og fullkomnasta á landinu á þeim tíma. Þar voru skýli fyrir björgunarbát, geymsla fyrir björgunartæki og aðstaða fyrir björgunarsveitir.

Olíubirgðastöð

Allt frá því laust eftir stríð hefur olíubirgðastöð verið í Örfirisey og þar er eitt af þremur olíulöndunarsvæðum í Reykjavík. Nokkuð hefur verið rætt um að færa verði stöðina. Af henni stafi hætta og einnig umferð olíuflutningabíla um götur frá eyjunni. Tímalengd löðaleigusamnings stöðvarinnar fylgir gildistíma aðalskipulags Reykjavíkurborgar til ársins 2030.



Sé yfir Vesturbæinn og höfnina. Þarna er Grandinn enn örmjór.

Verbúðirnar

Um miðjan fimmta áratug 20. aldar kom fram hugmynd um að byggja samfellda röð af húsum eða skýlum meðfram Grandagarðinum með sterkbyggðri norðvesturhlíð til að verjast sjógangi. Höfnin fékk leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur til að hefja byggingu húsalengjunnar í júlí 1945. Eiríkur Einarsson arkitekt gerði teikningar sem gerðu ráð fyrir að húsalengjunni yrði skipt í margar jafnstórar geymslueiningar. Byrjað var að byggja verbúðirnar 1946. Árið 1955 voru byggðar 15 verbúðar til viðbótar þeim sem fyrir voru. Syðsta húsið sem byggt var í sömu mynd var

spennistöð byggð um 1960. Ýmis gagnrýni kom fram vegna þessara bygginga. Í einu dagblaðanna voru þær kallaðar “vitlausasta” hús landsins og gárungar töluðu gjarnan um “lönguvitleysu”. Í dag er nyrðri hluti verbúðanna enn notaður fyrir útvegsstarfsemi en syðri hlutinn hefur verið tekinn fyrir, verslunar- og einnig lista og menningarstarfsemi og hefur svæðið orðið mjög vinsælt af bæjarbúum og ferðafólki.

Elsta veitingahúsið

Við syðstu verbúðabryggjuna var árið 1950 komið fyrir kaffivagni á hjólum. Guðrún Ingólfsdóttir veitingakona hafði keypt kaffivagninn af Bjarna

Kristjánssyni, sem í mörg ár hafði haft hann á Steinbryggjuplaninu á horni Tryggvagötu og Pósthússtrætis. Guðrún seldi kaffi og meðlæti við miklar vinsældir sjómanna, hafnarverkamanna og annarra þeirra sem störfuðu á svæðinu. Skömmu eftir 1960 var vagninum breytt í lítið timburhús á steypum grunni og um miðjan áttunda áratuginn var húsinu breytt í núverandi mynd. Kaffivagninn hefur verið í stöðugum rekstri. Nokkur eigendaskipti hafa orðið á síðari árum og rekstri hefur verið breytt nokkuð meðal annars með tilliti til ferðamanna en vinsældir vagnsins hafa haldist stöðugar um áratuga skeið.



Séð yfir vesturhöfnina og Örfirisey eins og eyjan er í dag.



Bill á leið út í Örfirisey. Ekki er nákvæmlega vitað hvenær en af útliti bílsins má ráða að það hafi verið um eða eftir 1930.

Marshallhúsið

Undir lok fimmta áratugar 20. aldar gekk suðurlandssíldin inn í Kollafjörð og Hvalfjörð og mokveiddist. Veiðin var meiri en hægt var að taka við í landi og þá stofnuðu Reykjavíkurborg og hlutafélagið Kveldúlfur með sér sameignarfélagið Faxe sf. um byggingu nýrrar síldarverksmiðju árið 1948. Húsið var snemma kennt við Marshall aðstoðina sem voru fjármunir sem Bandaríkin styrktu Ísland og fleiri lönd með eftir síðari heimsstyrjöldina. Þeir munu að einhverju leyti hafa verið notaðir til byggingar þess eins og kemur fram í þingræðu Bjarna Benediktssonar eldri frá 1955. Þetta átti að verða fullkornasta verksmiðja sinnar tegundar hér á landi því hún myndi gjörnýta það hráefni sem unnið yrði þannig að ekkert færi til spillis en framleiða átti bæði mjöl og lýsi. Þetta er fjórlyft hús með mjörri þakhæð eftir miðjuási. Í húsinu voru vélasalir á öllum hæðum auk efnarannsóknastofu og umbúðageymslu. Þegar Faxaverksmiðjan var fullbúin var síldin horfin. Eftir það var verksmiðjuna nýtt eftir föngum. Ýmis fyrirtæki fengu afnot af húsnæði hennar og vélar og tæki lánuð og leigð. Árið 1962 samþykkti borgarstjórn að slíta félaginu. Reykjavíkurborg festi kaup á húsinu árið 2017 til að nota fyrir menningarmiðstöð og lét endurhanna það. Í dag eru í Marshallhúsinu þrjár menningarstofnanir.

Nýlistasafnið, Gallerí Kling & Bang og Stúdíó Ólafur Elíasson auk veitingarekstrar á jarðhæð.

Hraðfrysti- og verksmiðjuhús

Á sama tíma og bygging verbúðanna hófst fékk fiskimálanefnd ríkisins leyfi til að byggja hraðfrysti- og verksmiðjuhús á lóð suðvestast á Grandagarðsuppfyllingunni. Húsið sem var byggt var á sínum tíma ein stærsta verksmiðjubygging á landinu og meðal hinna fullkornustu og nýttiskulegustu. Árið 1957 skoðuðu sænsku konungshjónin Fiskiðjuverið í opinberri heimsókn hingað og var af því tilefni hreinsað mikið til á Grandagarði. Þá voru meðal annars fjarlægðir ýmsir skúrar sem staðið höfðu í nágrenni við Fiskiðjuverið og höfnina engum til þrýði. Þarna starfaði Fiskiðjuverið fram til ársins 1959 að borgarsjóður keypti húsið undir rekstur Bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Nýtt deiliskipulag

Árið 2006 voru afmarkaðar í deiliskipulagi nýjar lóðir á yngsta hluta uppfyllingarinnar og nýjar þvergotur úr Fiskislóð. Á þessum lóðum hafa á síðustu árum verið byggð nokkur atvinnuhúsnæði og verslunar- og þjónustuhús. Þar er að finna fyrirtæki á borð við Ellingsen, Krónuna, BYKO, verslun Samkaupa, Bónus og fleiri

fyrirtæki og rekstraraðila. Á milli Grandagarðs og fiskislóðar er að finna mörg iðnaðarhúsnæði sem sum hver geta tæplega talist til framtíðarbygginga.

Sjóminjasafnið

Sjóminjasafnið í Reykjavík er staðsett við Grandagarð í því húsnæði sem áður hýsti Bæjarútgerð Reykjavíkur. Árið 2008 bættist Varðskipið Óðinn við í safnkostinn og liggur það nú við bryggju safnsins. Árið 2014 var Sjóminjasafnið sameinað öðrum borgarsöfnum sem hafa með sögu Reykjavíkur að gera undir nafninu Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Íslenski sjávarkalsinn

Segja ná að stanslaus uppbygging hafi verið í Örfirisey það sem af er 21. öld. Á árinu 2012 flutti Íslenski sjávarkalsinn inn í gömlu Bakkaskemmuna við Grandagarð 16. Stofnandi Íslenska sjávarklasana er Þór Sigfússon. Fyrirtækin í Sjávarklasunum eru af ýmsum toga en eitt af markmiðunum er að viðhafa ákveðna fjölbreytni í húsinu þótt mörg þeirra tengist sjó og sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti. Mathöllin er hluti af þessu dæmi og hefur notið mikilla vinsælda frá því hún var opnuð á neðri hæð við Grandagarð 16. Í húsinu starfa nú yfir 70 fyrirtæki og um 120 manns frá yfir 12 löndum hafa þar aðstöðu. Þar eru fyrirtæki í fiskeldi,



Góðviðrisdagur í Örfirisey. Til vinstri eru Verbúðirnar þar sem nú fer fram ýmis verslunar, lista og menningarstarfsemi.

fisksölu, sjávarútvegstækni, hugbúnaðargerð, hönnun, líftækni, snyrtivörum, ráðgjöf, rannsóknun og ýmsu öðru. Hús sjávarklasans er samfélag þessara fyrirtækja og vettvangur fyrir þau til að skapa saman ný verðmæti.

hugmyndir hafa komið fram um svo kallaðar nýsköpunarbyggðir sem erlendis hafa risið á eldri hafnar svæðum. Þór Sigfússon segir að þar komi deilihagkerfið við sögu og einnig sú þróun að borgir séu í auknum mæli að færa sig til sjávar. Atvinnulífið fari á undan og þá kjósi fólk einnig að búa á þessum svæðum. Örfirisey hófst á verslun. Síðan tók útvegur við en nú er verslunarstarfsemi orðin yfirgnæfandi þáttur í starfsemi í eyjunni.

Skiptar skoðanir um íbúðabyggingar



Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíð bygginga og nýtingu allrar Örfiriseyjar. Skiptar skoðanir eru um hvort efna eigi til íbúðabyggingar í eyinni en





Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

**UMHVERFISVÆNAR VÖRUR
FYRIR ÚTIVISTINA
FÁST Í VONARSTRÆTI**

VONARSTRÆTI

Minum á vefverslun okkar vonarstraeti.is + heimkeyrslu í Reykjavík
 VONARSTRÆTI - Laugavegi 27 - S.775 8808 - Facebook: @vonarstraeti.verslun - Instagram: @vonarstraeti

SUMARIÐ ER TÍMINN!



Landsins fegursta úrval af jógvörum
Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jóghandklæði.
Hugleiðslupúðar. Augnhvílur. Strappar. Lífræn bómull.



Íslenskur aðalbláberjalatte
fyrir ónæmiskerfið og hjartað.

Blanda af því besta er uppáhald
okkar allra! Prófaðu.



Dekraðu við þig með Wild Grace
ólíum, andlitsserum og lípum.
Einstök gæði.



Nailberry eru sterk og falleg
og næra og anda.
Án 12 skaðlegustu efnanna og vegan.



Tryggðu grunninn með Viridian vítamínum og bætiefnum.
Eins virk og hrein og hægt er að hafa vítamín.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Sjávarakademía sett á fót á Grandagarði



Aðstandendur og starfsfólk í Sjávarakademíunni.

Sjávarakademía Sjávaraklasans á Grandagarði hefur verið sett á laggirnar. Sjávarakademía í nánú samstarfi við Fisktækniskóla Íslands. Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra opnaði Sjávarakademíuna formlega í Húsi sjávaraklasans að viðstöddum gestum miðvikudaginn 4. júní sl.

Í Sjávarakademíunni mun nemendum gefast kostur á að kynnst frumkvöðlastarsemi sem tengist hafinu, læra um sjálfbærni og hvernig bæta megi umhverfi og afurðir hafsisins. Aðalkennslan fer fram í Húsi sjávaraklasans en einnig fer kennsla fram í haftengdum fyrirtækjum og stofnunum á Suðurnesjum.

Sjávarakademían býður upp á nám sem stendur yfir í eina önn og hefst námið í haust. Í sumar verður sérstakt fjögurra vikna námskeið Sjávarakademíunnar

þar sem lögd er áhersla á nýsköpun, sjálfbærni og tækifæri í bláa hagkerfinu. Þetta námskeið er ætlað fólki sem hefur áhuga á umhverfismálum og öllu er við kemur hafinu.

Á sumarnámskeiði Sjávarakademíunnar munu þátttakendur hitta frumkvöðla og kynnst því hvernig þau komu hugmynd í framkvæmd, læra að stofna fyrirtæki, kynnst fjölmörgum tækifærum til að nýta betur sjávarauðlindir, læra um sjálfbærni og umhverfismál. Námskeiðið er stutt af Menntamálaráðuneytinu og er námskeiðsgjaldi því stillt mjög í hóf. Námskeiðsgjald er 3.000 krónur.

“Ef einhvern tíma var þörf þá er núna nauðsyn að efla áhuga fyrir haftengdum greinum. Aldrei áður í sögunni hefur jafn mikið verið rætt um fæðuöryggi hérlendis eins og undanfarna mánuði og tækifærin í þeim efnum í hafinu við Ísland eru mikil,” segir Ólafur Jón Arnbjörnsson skólastjóri Fisktækniskólans.

“Við viljum vekja áhuga fólks á þeim tækifærum sem Ísland

hefur upp á að bjóða í tengslum við hafið. Við þurfum meira af fólki sem mun í framtíðinni vinna við eða skapa störf tengd umhverfismálum á hafinu, markaðssetningu íslenskra vara, sjálfbærni, útlutningi tækniþekkingar, þörungaeldi og sjávarlíftækni svo eitthvað sé nefnt,” segir Þór Sigfússon stofnandi Sjávaraklasans. “Ísland á að vera í forystu á þessu sviði á heimsvísu og Sjávarakademían er einn vettvangur sem nýtist í þeim tilgangi.”

“Nú viljum við breikka aðeins sviðið, benda þátttakendum á urmul nýrra tækifæra sem tengjast hafinu en nýta um leið þá miklu reynslu sem til staðar er hjá nýsköpunarfyrirtækjum sem þátttakendur munu kynnst.” segir Berta Daníelsdóttir framkvæmdastjóri Sjávaraklasans og kennari á námskeiðinu.

Nánari upplýsingar um Sjávarakademíuna og sumarnámskeið má finna á www.sjavarklasinn.is og hjá Söru Björk Guðmundsdóttir verkefnisstjóra námsins á sarabjork@sjavarklasinn.is

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Vesturbæjarblaðið

**AUGLÝSINGASÍMI
511 1188**



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Sumarlína íslenska vörumerkisins AS WE GROW slær í gegn

Íslenska sumarlína fatahönnunarkerkisins As We Grow hefur slegið í gegn og margir sem hafa lagt leið sína í nýja verslun vörumerkisins í Garðastræti 2, Reykjavík. Gréta Hlökkversdóttir framkvæmdastjóri og einn eigenda, segir það líka ánægjulegt hve margir hafi nýtt sér friar heimsendingar upp að dyrum á höfuðborgarsvæðinu, en fyrirtækið hefur síðan í mars boðið upp á friar heimsendingar um allt land og frítt upp að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu við miklar vinsældir.

Litirnir í sumarlinunni eru léttir og ýmis litbrigði náttúrunnar ráða ríkjum, ljósgrænn og brúnn og fól mynta kalla fram hugrenningatengsl um milda og frískandi sumarnætur, en efnin. Línan samanstendur af hörskyrtnum, þrjónapeysum úr hágæða mjúkri ull og lífrænni bómull og pilsun úr pima bómull sem og kjólum og fallegum sumargöllum í hvítum og bleikum litum. Litirnir eru léttir og ýmis litbrigði náttúrunnar ráða ríkjum, ljósgrænn og brúnn og fól mynta kalla fram hugrenningatengsl um milda og frískandi sumarnætur.



Sumarlína AS WE GROW er líkt og áður byggð á grunni merkisins, sjálfbærni og langlífi varanna og þeirri heimspeki að flikur skuli gefa áfram til nýrra kynslóða. Tímalaus hönnunin er uppfyll af gleði og töfrum og hverfist um þörf hvers barns að kynnast þessum stóra heimi sem við búum öll í. Vor- og sumarlinan fæst á öllum helstu sölustöðum As We Grow, í nýrri eigin verslun að Garðastræti 2, 101 Reykjavík og á vefsíðunni www.aswegrow.is.

Myndirnar tók Ari Magg ljósmyndari.



Kennaraháskólinn í Vatnsmýrina



Menntasvið Háskóla Íslands er til húsa í gamla Kennaraskólunum við Stakkahlíð. Ætlunin er að flytja kennaramenntunina á háskólasvæðið í Vatnsmýri.

Gert er ráð fyrir að nýr kennaraháskóli rísa á Háskólasvæðinu innan fjögurra ára. Efla kennaramenntun og menntavísindi og hinn nýi skóli liður í að sameina starfsemi Háskóla Íslands á einum stað. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands skrifuðu nýlega undir viljayfirlýsingu um þetta og á hið nýja hús að rísa á aðalsvæði háskólans í Vatnsmýri og verða framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs.

Í viljayfirlýsingunni segir meðal annars að höfuðmarkmið nýbyggingar fyrir sviðið sé að efla kennaramenntun og menntavísindi við Háskóla Íslands og styrkja verulega tengsl menntavísindasviðs við önnur fræðisvið. Núverandi húsnæði sviðsins henti ekki vel nútímalegum náms- og kennsluháttum, mikil og ör þróun, tæknivæðing og aukin áhersla sé á rafræna kennsluhætti sem kalli á sveigjanlegt námsumhverfi.



Hjá okkur starfa starfsmenn með áralanga reynslu af bílasprautun og bílaréttingum.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði.

Við notum hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er búið fullkomnustu tækjum sem völ er á í faginu svo sem Autorobot réttingabekk með öllum þeim mælitækjum sem til þarf til viðgerðar á bíl eftir tjón.

Herkules lyftur og Omia sprautuklefi sem er einn sá fullkomnasti á landinu.

Við sprautun á bílum er notast við hágæða Sikkens bílalökk sem eru umhverfisvæn vatnslökk og standast hörðustu kröfur bílaframleiðanda.

Verkstæðið er vottað Cabas verkstæði. Verkstæðið þjónustar allar bíltegundir.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is



Þegar kemur að vandaðri vinnu



Einarsnesi 36 • 102 RVK

Opið alla daga 11-22

www.bikecave.is

Erum á facebook undir

Bike Cave Reykjavík og Hjólhestur



Jacek Pol er frá Pýskalandi og er með meistaraþróf í reiðhjólaviðgerðum og reiðhjólasmíði. Hann vinnur í samstarfi við Bike Cave og hægt er að koma með reiðhjól í viðgerð hjá honum. Hafðu samband við Jacek í síma 788-7616 eða með skilaboðum í gegnum Hjólhestur á Facebook.

Þú kemur síðan með hjólið til okkar í Bike Cave og getur verið viss um að fá skjóta og fagmannlega þjónustu á sanngjörnu verði.

- Klippið út auglýsinguna og festið á ísskápinn -

Flott sumarföt, fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Sumar í Frosta

Nú er vetrarstarfið í Frosta búið og viljum við bjóða öllum nemendum Hagaskóla velkomna í sumarfrí, þið eruð flott. Frosti ætlar þó ekki að fara í sumarfrí en það verður opið í Frosta í sumar frá 8. júní til 8. júlí fyrir alla nemendur sem voru í Hagaskóla í vetur. Þeir sem voru að klára 10. bekk geta því haldið áfram að mæta í Frosta í sumar.

Þrjú kvöld í viku verður opið en þessi kvöld eru mánudags-, miðvikudags- og föstudagskvöld frá 19:30 til 22:00. Einnig verða dagopnanir sem verða með ákveðnu klúbba sniði og verða fjórir klúbbar starfandi í sumar sem verða á mánudögum og föstudögum frá 16:30 til 18:30. Klúbbarirnir eru Matarklúbburinn „Heimshorna á milli“, Sundferðaklúbbur, Sjálfið – workshop og Bóka- og Bakstursklúbbur. Einnig verður farið í útilegu miðvikudaginn 8. júlí sem við hlökkum mikið til. Ljóst er að eitthvað verður fyrir alla í sumar.

Sjöundi bekkur í Frosta

Sérstakar opnanir verða í Frosta fyrir alla sem voru að klára 7. bekk í vor. Þessar opnanir verða á miðvikudögum í sumar frá 16:30 til 18:30. Tilvalið tækifæri fyrir 7. bekkinga að hitta tilvondandi skólasystkin í Frosta og kynnst öllu því sem gengur



Sumar í Frosta úti og inni.

á í unglingastarfi Frosta áður en þau byrja í Hagaskóla. „Það verður líf og fjör í Frosta fyrir 7. bekk í sumar og kjörið tækifæri til þess að kynnst starfsfólki Frosta fyrir komandi átök í 8. bekk, segir

Stefán Gunnar, forstöumaður Frosta en hann er gríðarlega spenntur fyrir því að fá 7. bekk inn í Frosta enda flottur árgangur þar á ferð.

Opnunartímar Frosta í sumar

Mánudagur	Miðvikudagur	Föstudagur
Klúbbar	7. bekkur	Klúbbar
16:30-18:30	16:30-18:30	16:30-18:30
19:30-22:00	19:30-22:00	19:30-22:00

Frábært framtak í Frostheimum

Ætlunin var að krakkar í frístundaheimilinu Frostheimum tækju þátt í Barnamenningnarhátíðinni í apríl með listasýningunni "Ég í öllum regnbogans litum".

Vegna kórónuveirufaraldursins féll niður formleg listasýning fyrir foreldra og ættingja en börnin héldu sínu striki og héldu sýningu með myndum af sér og eftir sig fyrir jafnaldra sýna í Frostheimum. Leiðbeinandi þessa verkefnis var aðstoðarforstöðukona Frostheima, Haydee Lira Nunez og aðstoðaði hún börnin við að taka mynd af þeim í þeirri sýn sem þau vildu hafa á verkinu sínu. Þau bræddu síðan með hárblásara alla regnbogans liti og voru verkin hvert öðru flottar. Frábært framtak hjá Haydee og börnunum í Frostheimum.



Hluti af verkum krakkanna í Frostheimum.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



SPÁNN ER HANDAN VIÐ HORNID

TAPASBARINN – HINN EINI SANNI Í 20 ÁR



Vesturgata 3B | Sími 551 2344 | tapas.is

FROSTI

Mæting í Tjörnina

Mánudagur 8.júní
19:30-22:00

Stinger & opið grill

Miðvikudagur 10.júní
19:30-22:00

Nammismakk & spilakvöld

Föstudagur 12.júní
16:30-18:30

Matarklúbburinn "Heimshorna á milli"

19:30-22:00

Morgunkornskvöld & trúno

S
U

M

A

R

2

0

2

0

Mánudagur 15.júní
16:30-18:30
Sjálfið - workshop & Bóka- og bakstursklúbbur

19:30-22:00

Skotbolti & íspinnar

Miðvikudagur 17.júní

Hæ Hó og Jibbí Jeijj!!

Lokað

Föstudagur 19.júní
16:30-18:30

Sundferðaklúbbur!

19:30-22:00

Sápubolti & vatnsstríð

Mánudagur 22.júní
16:30-18:30
Sjálfið - workshop & Bóka- og bakstursklúbbur

19:30-22:00

Fræðsla

Miðvikudagur 24.júní
19:30-22:00

Amazing race

Föstudagur 26.júní
16:30-18:30

Matarklúbburinn "Heimshorna á milli"

19:30-22:00

Sundferð

Mánudagur 29.júní
16:30-18:30
Sjálfið - workshop & Bóka- og bakstursklúbbur

19:30-22:00

Innilega

Miðvikudagur 1. júlí
19:30-22:00

Ísferð & sumarleikir

Föstudagur 3. júlí
16:30-18:30

Sundferðaklúbbur!

19:30-22:00

Nauthólsvík

f Frosti Félagsmiðstöð

ig frosti107

sn frosti107

Mánudagur 6. júlí
16:30-18:30
Sjálfið - workshop & Bóka- og bakstursklúbbur

19:30-22:00

Afmælisveisla fyrir engan

Miðvikudagur 8. júlí

Útilega!!!

Mæting kl. 16:00 í Tjörnina!



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



AS WE GROW



VIÐ SENDUM FRÍTT
HEIM AÐ DYRUM

aswegrow.is

Listnemar á keramikbraut sýna á Hafnartorgi

Lyst á breytingum er yfirskrift sýningar nemenda við keramikbraut Myndlistaskólans í Reykjavík. Sýningin er hluti af dagskrá HönnunarMars 2020 og verður á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur dagana 24. til 28. júní.

Verkin á sýningunni voru unnin í áfanganum Hönnun og framleiðsla. Nemendur þróuðu vörur út frá þema verkefnisins, gerðu frummót og steypumót úr gísi og helltu í þau fljótandi postulínsmassa. Frágangur, glerjun og brennsla var einnig hluti af framleiðsluferlinu. Nemendur leituðu víða fanga í rannsókn- og hugmyndavinnu og fóru fjölbreyttar leiðir við að tengja nálgun sína við mat, matarhefðir og sjálfbærni. Á meðal þess sem þeir beindu sjónum að var krydd, kjöt, fiskur, skyr, hunang, jurtir og ís. Til urðu vörur úr postulíni sem henta til matreiðslu, varðveislu og framreiðslu á matvælum. Hneita, Innvols, Tilraunate, Varðveitt og Sjávarfatið eru dæmi um heiti á þeim vörum sem nemendur hönnuðu og framleiddu. Kennarar áfangans voru Brynhildur Pálsdóttir, Kristín María Sigbórsdóttir og Sigurlína Osuala.



Þátttakendur í sýningunni.

Hjólabrettagarður á Miðbakka

Nýr hjólabrettagarður verður á Miðbakkannum í sumar. Brettagarðurinn er hannaður af Eika Helgasyni, sem er atvinnumaður á snjóbretti og hefur haft hjólabrettið sem áhugamál og lífsstíl frá því seint á tíunda áratuginum. Brettagarðsins var liður í formlegri opnun Sumarborgarinnar 5. júní sl.

Eiki hannaði hjólabrettagarðinn og smíðaði allar grindurnar á Akureyri þar sem hann er búsettur. Hann mætti suður með afraksturinn á flutningabíl og hefur unnið að því síðustu daga að setja garðinn upp ásamt Halldóri Helgasyni, sem einnig er goðsögn í brettaheiminum. Núna í sumar er gert ráð fyrir lífi og fjöri á Miðbakkannum, því auk hjólabrettasvæðisins er þarna körfuboltavöllur og aðstaða fyrir fólk til að koma saman, dvelja og njóta samveru.



Eiki og Halldór Helgasynir við smíði brettagarðsins.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Arna ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.

Eiðistorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi



Steinbryggjan við Hafnarstræti vígð

Steinbryggjan á Skáldatorgi á mótum Hafnarstrætis og Tryggvagötu hefur verið vígð. Bryggjan er eitt helsta kennileiti borgarinnar en hún er eitt merkasta mannvirki Reykjavíkurhafnar og á rætur að rekja til gömlu bæjarbryggjunnar sem var byggð í Reykjavík 1884.

Steinbryggjan var mikilvæg samgöngubót fyrir Reykjavík allt frá því hún leysti gömlu trébryggjurnar af hólmi undir lok 19. aldar þar til hún hvarf undir landfyllingu árið 1940. Hún þjónaði Reykvíkum vel sem hliðið að bænum áratugum saman. „Steinbryggjan gegndi ótrúlega mikilvægu hlutverki við þróun borgarinnar. Við sjáum að mannfjöldi jókst stórum skrefum ár frá ári í Reykjavík og var það ekki síst vegna þess að við vorum loksins búin að fjárfesta í almennilegri höfn. Nú gegnir Steinbryggjan hinsvegar öðru hlutverki og er orðin að áfangastað í borginni þar sem maður getur setið í skjólinu innan um nýju húsin á Hafnartorgi, fengið sér kaffibolla og notið borgarlífsins,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri við vígslu bryggjunnar.

Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar sá um að sníða henni



Steinbryggjan á meðan hún þjónaði sem hafnarmannvirki.

Þann búning sem hún er í núna með tilsögn frá Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafni. Hönnun hins nýja torgs var

í höndum Landmótunar, lýsing var í höndum Mannvits og Faxaflóahafnir sáu um menningarmerkingar.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Ný flugstöð á Reykjavíkurflugvelli



Hugmynd að nýrri flugstöð á Reykjavíkurflugvelli.

Áform um nýja flugstöðvarbyggingu á Reykjavíkurflugvelli gera ráð fyrir nýrri 1.600 fermetra byggingu á núverandi stað. Hugmyndir um nýja flugstöð á voru kynnt á ríkisstjórnarfundum nýverið. Á vef samgönguráðuneytisins kemur fram að ríkið eigi í samningaviðræðum við rekstraraðila innanlandsflugsins um að koma að uppbyggingu flugstöðvarinnar með þátttöku fjármála- og efnahagsráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Isavia.

Núverandi flugstöð á Reykjavíkurflugvelli er orðin lúin, að hluta til í gámaeiningum og því löngu tímabært að bæta aðstöðu fyrir farþega og starfsmenn. Eins og áður hefur komið fram náðist samkomulag við Reykjavíkurborg í nóvember 2019 um að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni þar til annar jafngöður eða betri kostur verður tilbúinn. Nýleg ástandsskoðun á flugstöðinni á Reykjavíkurvelli hefur leitt í ljós að núverandi byggingar séu í mun verra ástandi en talið var í fyrstu. Því verði kannaðar leiðir að reisa nýja flugstöð í stað eldri bygginga. Gert er ráð fyrir að grunnform nýrrar byggingar verði einfalt til að lágmarka byggingarkostnað. Ennfremur að hæð byggingarinnar og þak taki mið af núverandi flugstöð og nágildandi flugöryggislínu.



Aukakrónur

Gerðu eitthvað skemmtilegt í sumar með Aukakrónum



Skór í fjallgönguna



Snarl í ferðalagið



Föt fyrir sumarið



Grill í garðinn



Ferðalög um landið

Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is/aukakronur



Hvar ætlar þú að
veiða í sumar?



www.veidikortid.is

Torg á Nýlendugötu



Pannig sjá hönnuðir Nýlendugötu nýtt torg fyrir sér.

Nýlendugata á milli Norðurstígs og Ægisgötu verður endurnýjuð í sumar á vegum Reykjavíkurborgar, Veitna og Milu. Norðurstígur verður jafnframt endurbættur.

Nýtt torg verður til. Leiðin í gegn fær nýtt og fallett útlit en sveigðar línur í hönnuninni taka tillit til þess að þarna er um einstakan stað að ræða. Á myndinni má sjá hvernig hönnuðir sjá hið nýja torg fyrir sér á mótum hns gamla og nýja.



Netverslun: systrasamlagid.is



**Mætum á völlinn
í sumar og styðjum
KR til sigurs!**

STÁLSMÍÐJAN
FRAMTAK

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

N1



NIKE

Jói útherji
www.joiutherji.is

Vesturbæjarblaðið



Kvennalið KR með auglýsingu frá Alvotech í sumar

Kvennalið KR mun spila með auglýsingu frá Alvotech á búningum sínum í Pepsi-Max deild kvenna en ekki Alvogen eins og karlaliðið. Alvotech er systurfyrirtæki Alvogen á Íslandi sem er alltaf að verða stærri hluti af Alvo samstæðunni og starfseminni á Íslandi. KR konurnar vilja því auka sýnileika Alvotech hægt og rólega um leið og starfsemin stækkar.

“Konur er stór hluti starfsmanna Alvotech og KR konurnar líta á sig sem fyrirtæki byggt á jafnrétti. Því fannst þeim þessi tenging við kvennalið KR henta vel og vera í þeim anda sem við viljum starfa“ segir Róbert Wessman stofnandi og stjórnarformaður Alvotech. Páll Kristjánsson formaður knattspyrnudeildar KR, segir að aðkoma Alvogen og nú Alvotech hefur reynst félaginu mikill happafengur. “Við teljum að hér leiða saman hesta sína



KR konur í Alvotech búningnum.

öflug félög með bjarta framtíð. Með þessum hætti styrkjum við enn frekar kvennastarfið hjá okkur sem vonandi nýttist okkur í því uppbyggingarferli sem við

erum í. Við væntum þess að þetta sé bara byrjunin á enn frekara samstarfi félaganna.”

Íþróttafólk KR 2019



Íþróttamaður og íþróttakona KR 2019 voru útnefnd nýlega. Fyrir valinu urðu Óskar Örn Hauksson og Ingibjörg Valgeirsdóttir úr knattspyrnunni og eru þau bæði afar vel að því komin.



www.kr.is









Gleðilegt sumar kæru nágrannar!

*Þjóðminjasafn
Íslands*

Suðurgötu 41
101 Reykjavík

Opnunartímar
Virka daga 11:00 - 16:00
Helgar 12:00 - 16:00





Breyttur opnunartími



Við bendum viðskiptavinum okkar á að opnunartími útibúa Íslandsbanka er nú frá **kl. 11 til 16 alla virka daga**. Nánari upplýsingar um opnunartíma útibúa um allt land má nálgast á islandsbanki.is.



Við vekjum athygli á að eldri borgarar geta **hringt í 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

